

Samningur um verkefni Brothættra byggða á Vesturlandi

Samningur þessi byggir á Byggðaáætlun 2018-2024, lið C.2. Brothætt byggðarlög, en þar segir:

C. Sjálfbær þróun byggða um land allt.

C.2 Brothætt byggðarlög.

Verkefnismarkmið: Að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.

Haldið verði áfram með verkefnið „Brothætta byggðir“ þar sem leitað er lausna á bráðum vanda á tilteknum svæðum vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi undangengin ár. Árangur af verkefninu verði mældur með íbúðapróun í viðkomandi byggðum og öðrum mælikvörðum sem Byggðastofnun skilgreinir.

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Íbúar viðkomandi byggðarlaga, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, ráðuneyti og stofnanir.

Tímabil: 2018–2024.

Tillaga að fjármögnun: 700 millj. kr. úr byggðaáætlun.

Samningurinn byggir þannig á úthlutun fjármuna til verkefnisins Brothættra byggða í fjárlögum hvers árs og gildandi byggðaáætlun á samningstímabilinu.

1. gr. Samningsaðilar

Byggðastofnun, kt. 450679-0389, með vísan til ofangreindra heimilda og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (í samningnum skammstafað SSV), kt. 610673-0239, gera með sér svofelldan samning um framkvæmd verkefna á Vesturlandi sem eru hluti verkefnis Byggðastofnunar um stuðning við brothætta byggðir samkvæmt Byggðaáætlun og samningi við ráðuneyti byggðamála.

2. gr. Markmið samnings

Samningnum er ætlað að skilgreina samstarf samningsaðila varðandi framkvæmd verkefna undir hatti „Brothætta byggða“ á Vesturlandi, þar með talið hlutverk og framlög hvers aðila um sig.

3. gr. Umfang verkefna

Samningurinn gerir ráð fyrir að fleiri en eitt byggðarlag á Vesturlandi geti verið þátttakendur í verkefnum samkvæmt verklagi og verkefnislýsingu Brothættra byggða á sama tíma á samningstímanum.

Þegar samningur þessi er gerður hefur stjórn Byggðastofnunar samþykkt að ganga til samstarfs við SSV og Dalabyggð vegna verkefnisins Brothætta byggðir í Dalabyggð.

Um nánari skilgreiningu á samstarfi samningsaðila þessa samnings og þáttökubyggðarlags fer í viðaukasamningum, einum fyrir hvert byggðarlag, sem gera þarf áður en verkefnisstjóri hefur störf að verkefnum tengdum viðkomandi byggðarlagi.

4. gr. Hlutverk samningsaðila

Að öðru leyti en því sem sérstaklega er getið um í þessari grein er vísað til verkefnislýsingar Byggðastofnunar um Brothættar byggðir varðandi hlutverk aðila.

SSV

SSV aðstoðar sveitarfélag við gerð stöðumats, greininga og stefnumótunar eftir því sem við á. Samtökin skipa **tvo** fulltrúa í verkefnisstjórn og fylgjast með verkefninu og styðja við það. Þau aðstoða sveitarfélag við að nýta tækifæri sem kunna að felast í samningum við landshlutana, svo sem sóknaráætlunum. Hlutverk SSV er einnig að tengja verkefnið við atvinnulíf og frumkvöðla og aðstoða við þróun hugmynda sem kvikna í ferlinu, og aðstoða við gerð verkefnis- og viðskiptaáætlana og styrkumsókna. Samtökin fara enn fremur með umsjón styrkveitingarferlis og greiðslu -styrkja sem kunna að verða til ráðstöfunar í verkefninu um Brothættar byggðir. SSV sinnir útgreiðslum styrkja að fyrirmælum verkefnisstjórnar hverju sinni. SSV sinnir jafnframt einstökum verkefnum sem samtökunum eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn í hverju byggðarlagi. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri eða verkefnisstjórar skv. 5. grein samnings þessa sé starfsmaður (starfsmenn) SSV.

Byggðastofnun

Byggðastofnun kemur fram af hálfu stjórnvalda gagnvart einstökum verkefnum og gerir forskrift að stöðugreiningu vegna umsókna um þátttöku í verkefninu. Starfsmenn stofnunarinnar veita upplýsingar vegna greininga, sé þess óskað. Byggðastofnun fjallar um umsóknir og tekur ákvarðanir um hvort og hvenær hafist er handa við annan áfanga, stefnumótun, í því byggðarlagi sem sótt er um fyrir. Stofnunin á tvo fulltrúa í verkefnisstjórn og sinnir einstökum verkefnum sem henni eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn. Stofnunin leiðbeinir við mat á árangri fyrir verkefnið á hverjum stað. Byggðastofnun styður við bakið á verkefnisstjórum með samráði, námskeiðum og samráðsfundum verkefnisstjóra á lands- eða svæðavísu.

Byggðastofnun er talsmaður verkefnisins „Brothættar byggðir“ á landsvísu, gagnvart fjölmiðlum og á opinberum vettvangi.

Sveitarfélög

Einstök sveitarfélög eru aðilar að samstarfinu fyrir tilstilli viðaukasamninga við samninginn. Sveitarfélagið er samstarfsaðili í verkefni innan Brothættra byggða í byggðarlagi innan þess og þegar fulltrúi sveitarfélagsins situr í forsæti verkefnisstjórnar ber það ábyrgð á að framvinda þess og framfylgd sé í samræmi við verkefnislýsingu Byggðastofnunar fyrir verkefnið „Brothættar byggðir“ og samþykktu stefnu og áætlanir verkefnisins í hverju byggðarlagi á

Athugasemd [KPH1]: Hefð er fyrir tveimur fulltrúum frá samtökum sveitarfélaga&atvinnuþróun en þó eru undantekningar frá því. Samkomulagsatriði. Austurbrú tilnefndi t.d. einn fulltrúa og einn til vara fyrir Stöðvarfjörð.

hverjum tíma. Sveitarfélagið sinnir jafnframt einstökum verkefnum sem því eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn.

5. gr. Verkefnisstjóri

Samkvæmt samningnum mun starfa verkefnisstjóri í fullu starfi. Mögulegt er að skipta starfinu á tvo starfsmenn ef það þykir heppilegra með tilliti til fjarlægða á milli þeirra byggðarlaga sem í hlut eiga séu þau fleiri en eitt. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri geti sinnt allt að tveimur þáttökubýggðarlögum hverju sinni. Verkefnisstjórinn starfar samkvæmt starfslýsingu sem er fylgiskjal með samningi þessum. Samkomulag er um að hvað varðar ákvarðanir og áherslur í einstökum verkefnum í hverju byggðarlagi fari samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar „Brothættra byggða“ (sbr. 3. gr.) í því sama byggðarlagi.

6. gr. Framlag samningsaðila

Samningsaðilar munu leggja til fjármuni eða aðstöðu til verkefnisins samkvæmt neðangreindu. Framlag Byggðastofnunar er háð framlögum á fjárlögum hvers árs samanber umfjöllun um grundvöll fremst í samningnum.

Byggðastofnun leggur verkefninu til verklag við verkefnið og tíma og ferðir utanaðkomandi ráðgjafa vegna hugsanlegra íbúðinga, svo og tíma starfsmanna sinna vegna íbúðasamráðs og vinnu og funda í verkefnisstjórnnum á samningstímabilinu. Stofnunin leggur fram fjármuni til frumkvæðisverkefna (styrkja) svo sem fjárhagsstaða verkefnisins Brothætta byggðir leyfir á hverjum tíma. Stofnunin greiðir enn fremur kostnað við starf verkefnisstjóra sem nemur 11,1 milljónum króna á ári eða 925 þúsund krónum á mánuði miðað við árið 2022 frá ráðningardegi verkefnisstjóra að því gefnu að verkefnisstjóri sé starfandi í fullu starfi. Aðilar eru þó sammála um að skipta megi hlutverki verkefnisstjóra á fleiri starfsmenn krefjist aðstæður þess, enda jafngildi starf þeirra fullu starfi samanlagt.

SSV leggur til tíma og fundakostnað fyrir sína aðila í verkefnisstjórn, svo og vegna ráðgjafar í verkefninu. SSV annast enn fremur útgreiðslu fjármuna og skýrsluhald er varðar hugsanlega verkefnastyrki á vegum verkefnisins samkvæmt samkomulagi Byggðastofnunar og SSV.

SSV sér um kostnað fyrir sinn eða sína fulltrúa í verkefnisstjórn sem kunna að koma að vinnu við verkefnið, sbr. verkefni sem tilgreind eru í 4. gr.

SSV, í samstarfi við Sveitarfélag, leggur fram fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna starfs verkefnisstjóra að því marki sem upp á vantar að teknu tilliti til framlags frá Byggðastofnun.

Gert er ráð fyrir að sveitarflög brothættra byggðarlaga leggi fram mótframlag í fjármögnun á stöðu verkefnisstjóra í samstarfi við SSV samanber ofanritað. Enn fremur stendur sveitarfélag straum af kostnaði vegna funda að öðru leyti en vegna utanaðkomandi ráðgjafa á íbúðingum sem Byggðastofnun sér um samkvæmt ofanrituðu. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélag greiði

fulltrúum íbúa fyrir setu á fundum verkefnisstjórnar skv. launaviðmiðum fyrir nefndarstörf í þágu sveitarfélagsins.

7. gr. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

Verkefnisstjórnir einstakra verkefna, fara með ráðstöfun þeirra fjármuna sem viðkomandi verkefnum undir hatti Brothættra byggða hafa verið úthlutaðir til styrkja sbr. 6. grein en SSV hefur með höndum umsýslu vegna styrkjanna í samráði við verkefnisstjórnirnar. Ráðstöfun fjármuna skal vera í samræmi við lög og reglur og skal endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri skilað til Byggðastofnunar á sama tíma og almenn reikningsskil SSV fara fram vegna liðins árs. Drög að yfirliti vegna ráðstöfunar fjármuna skulu þó vera til staðar fyrir lok hvers árs, það er á sama tíma og árangur verkefnisins það sama ár er gerður upp. Verkefnisstjórn í hverju byggðarlagi getur enn fremur á hverjum tíma óskað eftir fjárhagslegu yfirliti hvað varðar það sama byggðarlag með hæfilegum fyrirvara.

8. gr. Gildistími samnings

Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi frá og með undirskrift, í fjögur ár, það er til 31. desember 2025, þó háð framlögum á fjárlögum hvers árs, samningi við ráðuneyti byggðamála og því hvort í gildi sé viðaukasamningur um verkefni Brothættra byggða í einu eða fleiri byggðarlögum á Vesturlandi.

Staður, dags. _____

f.h. Byggðastofnunar

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi